

AUGLÝSING

um óverulega breytingu á deiliskipulagi Hörgslands 1, Skaftárhreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Skaftárhrepps þann 12. desember 2011 breytingu á deiliskipulagi að Hörgslandi 1.

Breytingin felur í sér að byggingarlóð fyrir þjónustumiðstöð sem rúmar skrifstofu fyrir útleigu á sumarhúsum, verslun og veitingasölu, mun færast austur fyrir bílastæði sem áður voru austan megin byggingarlóðar. Aðrir skilmálar haldast óbreyttir.

Að mati sveitarstjórnar er um óverulega breytingu að ræða og hlaut því tillagan meðferð skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Kirkjubæjarklaustri, 19. desember 2011.

Anton Kári Halldórsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 3. janúar 2012